

Nr. 1268

22. desember 2008

AUGLÝSING um óverulega breytingu á deiliskipulagi svæðis „A“ á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur Flugmálastjórnin Keflavíkurflugvelli hinn 17. nóvember 2008 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi svæðis „A“ á flugþjónustusvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Breytingin felst í að á lóðinni Blikavelli 4 er byggingarreit breytt, byggingarmagn aukið og nýtingarhlutfall hækkað og bílastæðum fjöldað og þau að hluta útbúin í kjallara ef þess gerist þörf. Á lóðinni Blikavelli 2 er byggingarreit breytt ásamt aðkomu og afstöðu bílastæða, jafnframt er leiðrétt og samræmt byggingarmagn, nýtingarhlutfall og bílastæðafjöldi. Kvöð um akandi umferð er skilgreind og staðsett. Á lóðunum Kjóavelli 2 og 2a er kvöð um akandi umferð skilgreind og staðsett.

Flugmálastjórnin Keflavíkurflugvelli tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Keflavíkurflugvelli, 22. desember 2008.

F.h. Flugmálastjórnarinnar Keflavíkurflugvelli,

Magnús R. Guðmannsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2009